

## Fundargerð 1. stjórnarfundar Foreldrafélags Flataskóla 2016-2017

Haldinn 17.10.2016 frá kl. 20-21:40

Mætt voru: Rebekka Sveinsdóttir, Auður Finnbogadóttir, Ingibjörg Áskelsdóttir, Anna Ólöf Haraldsdóttir (Lóa), Katrín Gýmisdóttir.

1. Stjórn skipti með sér verkum.  
Rebekka var kjörin formaður, Ingibjörg varaformaður, Auður ritari og Lóa gjaldkeri.
  2. Drög að starfsáætlun fyrir veturinn 2016-2017 voru rædd. Margar hugmyndir komu fram um atburði og var ákveðið að reyna að finna nýtt form á páskaeggjaleitina vegna fjölda barna, skoða breytingu á vorferðinni og vorhátíðinni í samráði við skólastjóra. Ákveðið var að tvískipta bingóinu þannig að 16.11 kl. 17:30 verði bingó fyrir 1.-4.b, og 17.11 verði bingó fyrir 5.-7.b svo framarlega sem þessar dagsetningar ganga upp í framkvæmd.
  3. Rebekka, sem fyrrum gjaldkeri, mun senda af stað valfrjálst árgjald foreldra í bankanum og smíðar tölvupóst sem senda á foreldrum vegna þessa.
  4. Rebekka fór yfir eldri framkvæmd bingós. Þessi viðburður er afar mikilvægur sem fjáröflun fyrir félagið um leið og það hefur reynst frábær skemmtun fyrir fjölskylduna. Umferðum verður fækkað og verða þær 10 hjá yngri hóp en 15 hjá eldri hóp, þar sem bingóið hefur verið helst til langt, og því ætti að vera rólegra yfir fólki þegar það fær sér pizzu og safa. Eingöngu verður hægt að greiða með peningum vegna vandkvæða og tafa sem urðu síðast vegna posa. Stutt er í hraðbanka. Sala á bingóspjöldum og miðum vegna pizzu/safa mun fara fram á tvískiptum borðum til að reyna að flýta fyrir afgreiðslu. Ákveðið var að reyna að stofna bingónefnd áhugasamra foreldra til að sjá aðallega um undirbúning og frágang salar, pöntun á pizzum og sölu á pizzum og svölum. Auður mun tala við eitt foreldri sem hefur staðið sig afar vel í þessu um að leiða þann hóp. Gert er ráð fyrir að virkja bekkjarfulltrúa, og stjórnarmenn og varastjórnarmenn taka þátt í sölu á bingóspjöldum, umsjón verðlauna og afhendingu þeirra, auk annars sem þörf krefur við undirbúning.
- Katrín mun bóka spjöld hjá bókasafni Garðarbæjar, Foreldrafélagið mun kaupa 150stk. og Flataskóli á um 100stk. Rebekka hefur samband við skólastjórann vegna dagsetninga og mætingu starfsmanns á atburð og kannar með tvo bingóstjóra. Allir stjórnarmenn ætla að senda á milli sín hugmyndir að nýjum aðalvinningum. Áfram er stefnt að því að virkja alla foreldra við að útvega vinninga, það hefur gengið afar vel hingað til. Það foreldri sem hingað til hefur sýnt Foreldrafélaginu mikla velvild í nokkur ár og gefið ípad í aðalvinning á ekki lengur barn í skólanum.
5. Ákveðið var að halda haustfund með bekkjarfulltrúum í samræmi við lög félagsins og stefnt að því að hann verði 27.10 kl. 17:30. Þar verður farið yfir störf bekkjarfulltrúa í samræmi við erindisbréf Heimilis og skóla og lög félagsins og málin rædd.

Fundi var slitið kl. 21:40

